



# Páskaegg



Páskar eru í mars eða apríl og í apríl byrjar vor á Íslandi. Páskarnir eru trúarleg hátíð. Sá siður að gefa egg á páskum er til að fagna nýrri byrjun eða nýju lífi. Fyrir löngu fór fólk að gefa egg skorin úr tré eða fallegum steinum. Síðar fór fólk að nota harðsoðin egg sem lituð voru með ýmsum litum og munstri. Björtu litirnir tákna vorið og ljósið.

Það að skiptast á og borða páskaegg er vinsæll siður í mörgum löndum. Nú til dags gefur fólk yfirleitt hvert öðru páskaegg úr súkkulaði, oftast hol að innan og fyllt með sælgæti.

Fyrsta páskaeggið í Bretlandi var framleitt árið 1873 af fyrirtækinu Fry's í Bristol.

Stærsta páskaeggið var búið til á Ítalíu árið 2011. Það mældist 10,39 metrar á hæð og vóg 7.200 kíló. Eggið var hærra en gíraffi og þyngra en fíll.

Foreldrar í sumum löndum segja börnum sínum að páskahérinn eða páskakanínan hafi falið súkkulaðiegg og þau fara í keppni að finna þau innan húss eða úti í garði. Börnin trúa því að ef þau séu góð muni páskakanínan skilja eftir súkkulaðiegg handa þeim.

Börn í sumum löndum skreyta harðsoðin egg um páskana með því að mála eða lita þau. Eggja rúlla er einnig vinsæll páskaleikur í sumum löndum heimsins.

## Svaraðu spurningum úr textanum:

1 Af hverju fagnar fólk páskum?

\_\_\_\_\_

2 Hvað er vinsæll páskasiður í mörgum löndum? \_\_\_\_\_

3 Hvenær var fyrsta páskaeggið í Bretlandi framleitt? \_\_\_\_\_

4 Hvaða egg var hærra en gíraffi? \_\_\_\_\_

5 Hvað gerir páskakanínan við páskaeggin? \_\_\_\_\_

## **Strikaðu undir páskaorðin og búðu til þína eigin páskasögu með því að nota þau.**

kross kanínur kerti páskagrein ástarengillinn vorið körfur grasker  
egg söngvar rósir egg kettir grímur páskakaka hjarta örvar

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_


\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



---